

Ár 1973, mánudaginn 9. júlí, var í málinu nr. 16/1973  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Tónskóla Sigursveins D. Kristins-  
sonar hefur verið gert að greiða fasteignaskatt af fasteign-  
inni nr. 7 við Hellusund í Reykjavík. Þeirri skattlagningu  
hafa fyrirsvarsmenn skólans ekki viljað una, og hafa leitað  
úrlausnar Yfirlasteignamatsnefndar um gjaldskyldu skólans í  
bréfi, dags. 10. mars 1973. Áður hafði málaleitan skólans um  
niðurfellingu fasteignaskatts verið hafnað af borgaryfirvöldum  
í Reykjavík.

Umrædd fasteign er eign Tónskóla Sigursveins D. Kristins-  
sonar, sem er sjálfseignarstofnun samkvæmt ákvæðum sérstakrar  
skipulagsskrár, sem hlaut staðfestingu forseta Íslands hinn  
15. september 1971. Í 4. og 5. gr. skipulagsskrár þessarar er  
gerð grein fyrir markmiði og starfsemi stofnunarinnar og eru  
ákvæði þessi svohljóðandi:

4. gr.

„Markmið skólans er að efla almenna músikþekkingu þjóðar-  
innar ekki sízt meðal þess fólks, sem aðeins getur varið tak-  
mörkuðum tómstundum til þess að iðka músik og auka þekkingu sína  
á því sviði.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa samkv.  
1. gr. laða nr. 12/1963 svo og því að

a) að halda uppi kennslu fyrir námsflokka í ýmsum greinum  
tónlistar, þar sem börnum jafnt sem fullorðnum gefst kostur á  
að stunda músiknám í tómstundum eftir því, sem aðstæður leyfa. -  
Reynt verði að ná samvinnu við barnaskóla og aðrar uppeldis-  
stofnanir um slik námskeið.

b) að leggja sérstaka áherzlu á að kenna á alþýðleg hljóð-  
færi. Til þess að auðvelda börnum aðgang að námi í skólanum  
verði, eftir því, sem aðstæður leyfa, keypt til skólans létt  
hljóðfæri, sem svo verði lánuð nemendum fyrstu námsárin. - Þá  
verði einnig leitast við að létta börnum í úthverfum borgarinnar  
aðgang að námi í skólanum með því að skipuleggja kennslu fyrir  
byrjendur í þeim úthverfum, þar sem þátttaka og aðrar aðstæður  
eru fyrir hendi".

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, eru skólar undanþegnir fasteignaskatti, en nánari skilyrði eru meðal annars þau, að húsnæði það, sem notað er í þágu skólastarfseminnar sé eign sama aðila og hana annast og að hvorki sé um atvinnurekstur né rekstur í ágóðaskyni að ræða, sbr. nú 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Telja verður, að fræðslustarf það, sem unnið er á vegum Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar sé þess eðlis, að húskynni þau, þar sem það fer fram, verði talin skóli í skilningi ofangreindra ákvæða laga og reglugerða um fasteignaskatt. Þá verður ekki litið svo á, að undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt nefndum ákvæðum sé takmörkuð við skóla ríkis og sveitarfélaga, heldur geti aðrir aðilar notið hennar, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum skipulagsskrár fyrir tónskólann og öðrum upplýsingum, sem fyrirliggja um markmið hans og rekstur, verður ekki talið, að um rekstur í atvinnu- eða ágóðaskyni sé að ræða.

I húseigninni að Hellusundi 7 eru 10 kennslustofur og eitt kennaraherbergi og er hún þá fullnýtt, að sögn fyrirsvarsmanns tónskólans. Af því, sem að framan hefur verið rakið, leiðir, að ofangreind fasteign er undanþegin fasteignaskatti, enda kemur eigi annað fram en að skilyrðum undanþágu sé að öðru leyti fullnægt.

#### Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar er óskylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 7 við Hellusund í Reykjavík.

---

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.  
Reykjavík, 9. júlí 1973.